



## Umsagnagátt Alþingis

Borg, 21. júní 2024

### Efni: Hvítbók í málefnum innflytjenda.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps tekur undir mikilvægi og þann metnað sem kemur fram í drögum um Hvítbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks. Við fögnum þeirri víðtæku vinnu sem liggur að baki þessum drögum og þökkum fyrir tækifærið til að veita umsögn.

Hér eru helstu atriði sem snúa að sveitarfélögum og tillögur okkar til úrbóta:

#### 1. Innflytjendaráð

- Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps styður tillögu um að öll sveitarfélög með fleiri en 5.000 íbúa hafi innflytjendaráð en spyrjum þó hvort að það ætti að miða við ákveðið prósentu hlutfall íbúa með erlendan bakgrunn frekar en fjölda íbúa. Við leggjum ríka áherslu á að nægt fjármagn fylgi til sveitarfélaga sem og stuðningur til að innflytjendaráð geti starfað á áhrifaríkan hátt. Innflytjendaráð geta tryggt að sjónarmið innflytjenda séu tekin til greina í stefnumótun og ákvörðunum sveitarfélaga, sem stuðlar að betri aðlögun og samþættingu innflytjenda í samfélagið.

#### 2. Aukið framboð á íslenskunámi

- Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps leggur til að aukið verði framboð á íslenskunámi fyrir innflytjendur, bæði hvað varðar fjölda námskeiða og aðgengi að þeim, sérstaklega á landsbyggðinni. Ljóst er að auka þarf fjárveitingu til að tryggja færni íbúa með erlendan bakgrunn óháð þekkingarstigi. (bæði í grunn- og framhaldsnámskeiðum). Einnig er lagt til að ríkið komi á fót hvatasjóði þar sem fyrirtæki geta sótt fjármagn til að efla íslenskunám starfsmanna sinna á vinnutíma. Góð kunnátta í íslensku er lykilatriði fyrir félagslega og atvinnulega þátttöku innflytjenda í íslensku samfélagi. Fjölbreyttir námsmöguleikar stuðla að betri árangri í tungumálanámi.

#### 4. Upplýsingar og þjónusta

- Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps leggur til að ríki og sveitarfélög fari saman í átaksverkefni sem hefur það að grundvelli að tryggja að upplýsingar um réttindi, skyldur og þjónustu séu aðgengilegar á auðskildu máli fyrir alla íbúa og þær settar upp á nokkrum tungumálum. Skýrar og aðgengilegar upplýsingar hjálpa innflytjendum að nýta sér þjónustu og taka þátt í samfélaginu á jafnræðisgrundvelli en ekki hefur verið gert ráð fyrir auknu álagi og þeim kostnaði sem leggst á sveitarfélögin því tengt.

#### 5. Þátttaka í íþróttum og tómstundum fyrir börn og ungmenni

- Íslensk sveitarfélög þurfa að tryggja að börn og ungmenni innflytjenda hafi aðgang að skipulögðum íþróttum og tómstundum. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps leggur til að farið verði í greiningarvinnu hvaða ferla og verkefni er þörf að á laga og bæta til að ná þessum markmiðum. Til þess að sveitarfélögin nái að fara í þá vinnu þarf að bæta við fjármagni frá ríki til sveitarfélaga til að styðja við þessi úrræði. Þátttaka í tómstundum og íþróttum stuðlar að félagslegri samþættingu og bætir sjálfsmynd barna og ungmenna.



#### 6. Fjármagn til framkvæmda

- Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps leggur áherslu á að ríkið tryggi nægt fjármagn til að sveitarfélögin geti framkvæmt þær aðgerðir sem settar eru fram í hvítbókinni. Til að framkvæma metnaðarfullar aðgerðir er nauðsynlegt að sveitarfélögin hafi aðgang að nægum fjármunum, hvort sem er í formi ríkisstuðnings, styrkja eða samstarfsverkefna.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps styður markmið og aðgerðir hvítbókarinnar en leggur áherslu á að tryggja nægilegt fjármagn og stuðning til að sveitarfélögin geti framkvæmt þessar aðgerðir á árangursríkan hátt. Við þökkum fyrir tækifærið til að veita umsögn og vonumst til að sjónarmið okkar verði tekin til greina.

Virðingarfyllst,  
f.h. sveitarstjórnar

*Ása Valdís Árnadóttir*

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti